



Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. ágúst 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Hlíðarendi 20-26

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 27. júní 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 20-26 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst að valkvætt verður að byggja bílageymslu fyrir atvinnuhúsnæði á jarðhæð eða í bílajakjallara, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. dags. 15. maí 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjal: tillaga Arkþings ehf. dags. 15. maí 2018

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags:

Hlíðarendi – reitir 1.62, 1.628.8 vegna lóðar E

sem markast af Hringbraut, Bústaðavegi, Flugvallarvegi og Nauthólsvegi, samþykkt í borgarráði 23. september 2010 og síðast breytt með samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 18. maí 2018. Breytingin felst í því að texta í kafla 3.3.3 greinagerðar er breytt.

Texti gildandi skilmála er svohljóðandi:

3.3.3 Lóð E. Atvinnuhúsnæði og íbúðir

Gert er ráð fyrir bílgeymslum, annars vegar á jarðhæð fyrir atvinnuhúsnæði og hins vegar í kjöllumur fyrir íbúðahúsnæði. Bílgeymslur atvinnuhúsnæðis eru í götuhæð með sér innkeyrslu og bílgeymslur íbúðahúsnæðis eru hálfri hæð undir götuhæð og að sama skapi eru neðstu íbúðir reitanna hálfri hæð yfir götuhæð til þess að skapa þeim friðhelgi.



Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:

3.3.3 Lóð E. Atvinnuhúsnæði og íbúðir

Gert er ráð fyrir bílageymslum fyrir íbúðahúsnæði í kjöllumur. Valkvætt er að byggja bílageymslu á jarðhæð við atvinnuhúsnæði fyrir bílageymslu atvinnuhúsnæðis með sérinnkeyrslu eða koma bílastæðum atvinnuhúsnæðis fyrir í bílakjallara.

Yfirlit skilmálasniða, gildandi (F-F á E-reit breytist)

Snið F-F breytt -nýtt snið M-M, skilmálabreyting.



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.
